

Útborganir:		Áætlun:	Reikningur:	31
27. Gjöld samkvæmt 19. gr. 2. fjárlaga ..	kr.	1 500 000.00	kr.	6 479 749.19
28. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	40 934 853.00	—	85 745 926.84
Greiðslujöfnuður	—	276 056.00	—	46 901 525.06
		Kr. 446 802 886.00	Kr. 585 221 532.27	22. maí

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

32

22. maí

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað
land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnáms-
heimild á erfðafesturéttindum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kópavogskaupstað allt land jarðanna Digra-
ness og Kópavogs að undanskildum nýbýlum og því landi, sem heilbrigðismálaráðu-
neytinu hefur verið afhent vegna rekstrar hæla ríkisins í Kópavogi og búrekstrar
ríkisins í sambandi við þau.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar
sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógeti Kópavogskaup-
staðar oddamann. Þó skal Kópavogskaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun
landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var
að skipta landinu í byggingarlóðir.

Andvirði landsins skal Kópavogskaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar bygg-
ingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Kópa-
vogskaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturétt-
indi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd
eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.